

Nd.

532. Frumvarp til laga

[153. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

- a. 42% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
- b. 15% skattsins renni í ríkissjóð, unz greiddar eru að fullu skuldir, er ríkissjóður tekur að sér að greiða vegna byggingarkostnaðar þjóðleikhússins.
- c. 35% skattsins renni í félagsheimilaskjóð og skal varið eftir því, sem fyrir er mælt í l. nr. 77/1947, um félagsheimili.
- d. 8% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal helmingur þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en helmingur til kennslukvikmyndasafns.

2. gr.

Innheimta skal skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi, og skulu tekjur af því álagi renna til ríkissjóðs. Heimilt er ráðherra að greiða helming af tekjum þessum til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

3. gr.

Hagnaður viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1951—1956, að báðum meðtöldum, renni í ríkissjóð. Um sama tíma frestast framkvæmd síðari málsgr. 14. gr. laga nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

4. gr.

Ríkissjóður tekur að sér greiðslu skulda, er myndast hafa vegna byggingar þjóðleikhússins, gegn endurgreiðslu á þann hátt, er greinir í 1., 2. og 3. gr. þessara laga. Heimilt er ríkissjóði að taka lán innanlands til greiðslu skuldanna.

5. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, telji hann þess þörf, að tekjuskipting milli rekstrarsjóðs og byggingarsjóðs þjóðleikhússins samkvæmt a- og b-liðum 1. gr. skuli gilda fyrir árið 1951.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952 og skulu gilda unz skuldir þjóðleikhússins eru að fullu greiddar. Um sama tíma frestast framkvæmd laga nr. 85/1947. Lög nr. 65/1950 falla úr gildi 31. desember 1951.